



Fundargerð hreppsnefndar 19. janúar 2017

Fundur nr. 54 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 19. janúar 2017 í safnaðarheimilinu kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Einar Björn Kristbergsson, Agnar Karl Árnason, Hinrik Ingólfsson, Elísa Joensen Creed, Linda Björk Stefánsdóttir og Sigurjón H. Hauksson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerðir:

1. Íþróttá- og æskulýðsnefndar dags. 4. janúar 2017.

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

2. Hafnarnefndar dags. 10. janúar 2017.

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

3. 4. fundar stjórnar SSA 2016-2017.

Lagt fram til kynningar.

2. Almenn mál:

1. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir Þorbrandsstaði - Gististaður flokkur I.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að rekstrarleyfið verði veitt.

2. Drög að samstarfssamningi milli Ungmennafélagsins Einherja og Vopnafjarðarhrepps.

Drögin tekin til umræðu og þau samhljóða samþykkt með áorðnum breytingum. Síðan samhljóða samþykkt að vísa til stjórnar Einherja til meðferðar.

3. Drög að samþykkt fyrir ungmennaráð Vopnafjarðarhrepps.

Samhljóða samþykkt að fresta afgreiðslu málsins fram yfir fund verkefnisstjórnar íbúapings um miðja mars nk.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

1. Stjórn Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.

Lagt fram til kynningar.

Varaoddviti gerði að tillögu að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn fimmtudaginn 16. febrúar nk. og var samhljóða samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 16:35.

[Fylgigögn fundar 190117.pdf](#)